

## REGLUR

### ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2022.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2022 eru settar skv. 118. gr. nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2022.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2022 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	104	pr. lítra
Egg	516	pr. kg
Kartöflur	103	pr. kg
Rófur	168	pr. kg
Gulrætur	342	pr. kg
Lambakjöt	471	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	165	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	114	pr. kg
Ungnautakjöt	608	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	405	pr. kg
Folaldakjöt	317	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	123	pr. kg
Grísakjöt	451	pr. kg
Annað svínakjöt	224	pr. kg
Kjúklingar	405	pr. kg
Annað fuglakjöt	664	pr. kg
Lax og silungur	747	pr. kg
Annar fiskur	345	pr. kg

Reykjavík, 21. desember 2021.

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.